

L Ö G

um breyting á lagaákvæðum um verðtolla.

40

12. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fyrirmælin í lagaákvæðunum um verðtoll um það, að stimpla skuli innkaupsreikninga með merkjum þeim og á þann hátt, er um ræðir í lögum nr. 75 27. júní 1921, eru úr gildi numin. Innheimtulaun af verðtollum skulu þó vera sem áður.

Fjármálaráðherra skipar fyrir um kvittun fyrir verðtollum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 12. júní 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jakob Möller.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 28 27. júní 1921, um verzlun með tilbúinn áburð og kjarnfóður.

41

12. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

a. Á eftir orðunum „kjarnfóður“ í fyrsta másl. 2. gr. laganna bætist: annað en sildarmjöl.

b. Orðið „sildarmjöl“ í sama másl. fellur niður.

c. Á eftir 2. másl. sömu lagagreinar bætist nýr málslíður:

Óheimilt er að selja sildarmjöl til fóðurs innanlands, nema fram hafi farið flokkun og mat á mjölinu. Tryggingarskírteini skal ætíð fylgja